



Reykjavík, 11. mars 2024

SFS24030067

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að leita nýrra leiða í leikskólamálum sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 11. mars 2024

Lagt er til að leitað verði nýrra leiða í leikskólamálum og svokallað Kópavogsmódel verði tekið upp í leikskólum Reykjavíkur til að hægt verði að stytta biðlista og nýta þau lausu pláss á leikskólunum sem eru vannýtt vegna mikillar manneklu, veikinda og álags á starfsfólki. Markmiðið með nýjum leiðum í leikskólamálum yrði jafnframt að koma í veg fyrir að loka þurfi deildum vegna manneklu sem hefur komið niður á þjónustu við börnin og sem veldur álagi og streitu á fjölskyldur leikskólabarna. Vandir leikskólanna hefur verið margþættur á undanförunum árum og yrði hér um að ræða mikilvæga leið til að efla leikskólana og þjónustu þeirra og koma í veg fyrir viðvarandi starfsmannaveltu. Rétt er að horft verði til Kópavogsleiðarinnar í þeirri viðleitni að tryggja mönnun þannig að hægt verði að nýta laus leikskólapláss sem fyrst enda hefur það gefið góða raun. Mikilvægt er því að til skoðunar komi að auka sveigjanleika í dvalartíma barna, tekjutengja leikskólagjöld og bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla fyrir sex tíma vistun. Lagt er til að vinna við slíka leið hefjist sem fyrst og skipaður verði starfshópur sem komi með tillögur að útfærslu þannig að taka megj upp slíkt módel á komandi hausti.



Reykjavík